

8. gr.

Við endanlega ákvörðun verðmiðlunar til hvers mjólkurbús fyrir sig, skal draga frá reiknaðri þörf verðmiðlunar 60% meðalhagnaðar af rekstri þess er varð árin 1989 og 1990 og hann framreiknaður m.v. lánskjaravísitölu í lok hvers árs.

9. gr.

Nú verður reiknuð verðmiðlunarþörf meiri en heimilt er að ráðstafa til verðmiðlunar skv. 2. gr. og skal þá skerða rétt allra búa til verðmiðlunar í sama hlutfalli af reiknaðri verðmiðlunarþörf.

10. gr.

Greiðslum úr verðmiðlunarsjóði vegna rekstrarársins 1991, skal lokið eigi síðar en 31. ágúst 1992.

11. gr.

Ársreikning mjólkurbús ásamt fylgigögnum fyrir árið 1991 skal skila til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 30. apríl 1992. Ef reikningsskil mjólkurbús berst síðar, er ekki tryggt að viðkomandi aðili komi til álita við frekari úthlutun úr verðmiðlunarsjóði fyrir árið 1991.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. apríl 1992.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 122/1931, um einkasölu
á tóbaki, með síðari breytingum.**

1. gr.

Felld er úr gildi reglugerð um einkasölu á tóbaki nr. 122/1931 sbr. reglugerð nr. 115/1961 og reglugerð nr. 101/1965.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf til þess að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 3. apríl 1992.

Friðrik Sophusson.

Áslaug Guðjónsdóttir.